

Háholti 13. febrúar 2015

Nefnasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Athugasemdir vegna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða) og frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar – 244. mál, 144. löggjafarþing.

Ég mótmæli því að færa Hvamms- Holta- og Urriðafossvirkjanir úr biðflokki í nýtingarflokk. Margar ástæður liggja að baki skoðun minni. Þar má nefna:

Ásýnd sveitanna mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir. Við höfum ekki leyfi til að eyðileggja slíkar perlur, leyfum afkomendum okkar að njóta þeirra. Útivistarsvæðin í grennd Þjórsár verða ekki svipur hjá sjón. Það er verið að verðfella sveitina okkar um alla eilífð. Ég sætti mig ekki við það.

Svo lengi sem elstu menn muna hefur safn Gnúpverja runnið fram sveitina þessa fögru leið. Á nú að eyðileggja hluta af stemningunni í kringum réttirnar. Og hvar á að reka safnið?

Í gegnum aldirnar hefur niður Þjórsár hljómað í eyrum fólksins í sveitinni. Á mörgum bæjum var hlustað á árið til að átta sig á veðrabrigðum og voru þessi náttúruhljóð tekin mjög alvarlega. Það verður mikið af okkur tekið ef við getum ekki sjálf farið út, spáð í veðrið og hlustað á náttúruna.

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Það er ekki skemmtileg tilhugsun að aka upp sveitirnar fögru í sandstormi upp úr farvegi Þjórsár.

Framkvæmdin snertir hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara okkar sem búum hérna á svæðinu. Þær snerta ekki síður þá sem eiga eftir að lifa í þessu landi. Ein til tvær kynslóðir geta ekki leyft sér að virkja allt sem virkjanlegt er. Komandi kynslóðir gætu fengið betri hugmyndir um nýtingu landsins en stíflugarða og lón. Við höfum ekki leyfi til að fullnýta allar okkar auðlindir. Við höfum landið aðeins og láni og eigum að skila því til komandi kynslóða.

Virðingarfyllst,
Margrét Steinþórsdóttir Háholti kt. 1804464949